

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á landsþingi
Landssambands íslenskra stúdenta, LÍS.**

Haldið við Háskólann á Bifröst föstudaginn 29. mars 2019 kl. 9.

Góða dag öll sömul og til hamingju með daginn. Ég heiti Jón Atli Benediktsson og er rektor Háskóla Íslands. Ég er líka formaður samstarfsnefndar háskólastigsins en allir rektorar háskóla á Íslandi sitja í nefndinni og er samstarfið afar gott. Nefndin er því sambærileg við LÍS og við skrifuðum bréf fyrir stuttu til stuðnings LÍS og námsmönnum varðandi LÍN. Ég vona að það hafi hjálpað ykkur.

Það er mér heiður og ánægja að mega ávarpa ykkur hér í upphafi þessa landsþings Landssambands íslenskra stúdenta.

Stofnun LÍS sem heildarsamtaka stúdenta á Íslandi árið 2013 markaði þáttaskil í sögu íslensku stúdentahreyfingarinnar og hafa samtökin sannað sig sem afar mikilvægur vettvangur fyrir sameinaða rödd íslenskra stúdenta. Á þeim rúmu fimm árum sem samtökin hafa starfað hafa þau látið til sín taka á fjölmörgum sviðum, ekki síst með því að marka stúdentum skýra stefnu til framtíðar. Þannig hefur LÍS nú þegar sett sér metnaðarfulla alþjóðastefnu og gæðastefnu – og á þinginu í dag er stefnt að því að afgreiða jafnréttisstefnu sem verið hefur í undirbúningi um nokkurt skeið. Þá eru samtökin nú að vinna að mótun stefnu á sviði sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar – en yfirskrift þingsins er einmitt sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð.

Þetta efni – sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð – er sannarlega í brennidepli á okkar tímum og sumir myndu jafnvel segja að þetta séu mikilvægasta viðfangsefni samtímans. Í ávarpi mínu við brautskráningu kandídata í Háskólabíói í lok síðasta mánaðar gerði ég þetta að umtalsefni og velti upp þeirri spurningu, hvort þær gífurlegur framfarir sem orðið hafa á öllum sviðum mannlífsins á síðustu tveimur öldum – ekki síst fyrir tilstilli menntunar, vísinda og tækni – kunni ef til vill að vera marklitlar andspænis þeirri alltumlykjandi vá sem mannkyn stendur nú frammi fyrir vegna yfirvofandi loftslagsbreytinga sem stefna samfélögum okkar og í raun öllu lífi á jörðinni í hættu. Hvert sem svarið er við þeirri spurningu er ljóst að öllu máli skiptir að þjóðir heimsins – hvert og eitt okkar og við öll – temji sér sjálfbæra lifnaðarhætti í sátt og samlyndi við jörðina sem við byggjum og fóstrar okkur. Þegar öllu er á botninn hvolft eru spurningarnar um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð þannig órjúfanlega tengdar, því með því að ástunda sjálfbæra lífshætti sýnum við samfélagslega ábyrgð – og mikilvægasta framlag okkar til samfélagslegrar ábyrgðar er að stunda sjálfbæra lifnaðarhætti.

Háskóli Íslands tekur þessar áskoranir alvarlega. Þannig eru sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð leiðarstef í heildarstefu Háskólans, en kjörorð hennar eru einmitt „öflugur háskóli, farsælt samfélag“. Á öllum fræðasviðum og í öllum deildum Háskólans eru stundaðar öflugar rannsóknir og boðin fjölbreytt námskeið á þessum sviðum og fer þeim

sífelld fjölgandi. Einnig er sívaxandi áhersla lögð á hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna í þágu samfélags og umhverfis.

En það er ekki nóg að afla þekkingar heldur skiptir ekki síður máli að breyta í samræmi við hana. Því hefur Háskóli Íslands sett sér metnaðarfulla sjálfbærni- og umhverfisstefnu sem fylgt er eftir af festu. Þá má geta þess að Háskólinn er um þessar mundir að leggja drög að nýju heildarskipulagi fyrir háskólasvæðið. Leiðarljós þeirrar vinnu er að byggja upp mann- og umhverfisvænt háskólasvæði til framtíðar sem er sjálfbært og í sátt við umhverfi og samfélag.

Nemendur hafa síður en svo látið sitt eftir liggja og standa þeir fyrir alls kyns nemendadrifnum verkefnum á borð við Hugrónu, Fjárráð og Ástráð sem nýta það sem þau læra í skólanum út í samfélagið með sjálfböðavinnu. Loks má nefna að Háskóli Íslands gerðist fyrir nokkru aðili að samstarfsneti nokkurra öflugra evrópskra háskóla sem ber heitið Aurora. Í þessu neti er gagngert horft til þess að meta árangur háskólastarfsins út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, en þau lúta einmitt að sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð.

Kæru stúdentar. Ég veit að dagskrá landsþingsins er þökkuð og þið eruð tilbúin með uppbrettar ermar að takast á við verkefni dagsins. Ég ætla því ekki að lengja mál mitt frekar og vil hvetja ykkur til dáða. Vinna ykkar er afar mikilvæg og ég hef fulla trú á því að þið munið leggja ykkar

af mörkum til að skapa sjálfbært samfélag til framtíðar, okkur öllum til heilla. Gangi ykkur vel. Takk fyrir mig.